



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um yfirlit yfir öll framlögð mál Flokks fólksins.

Á fundi borgarráðs 15. apríl sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá yfirlit yfir öll framlögð mál Flokks fólksins, fyrirspurnir og tillögur frá upphafi kjörtímabilsins, tímasetningar, hvert málum var vísað, afgreiðsluferli, og hvaða mál eru óafgreidd. Óskað er eftir að fá þetta í öðru formi en excel formi eða í það minnsta einnig á word skjali. Þess er jafnframt óskað að hafin verði vinna í að setja mál flokka minnihlutans inn á vef Reykjavíkurborgar með sama hætti og sjá má að er gert hjá Alþingi. Gagnsæi og gott aðgengi að málum kjörinna fulltrúa er liður í því lýðræði sem við búum við á Íslandi. Allir eiga að hafa aðgang að vinnu kjörinna fulltrúa í þágu borgarbúa, hvaða mál hafa verið lögð fram og hvernig þau hafa verið meðhöndluð.

Á fundi borgarráðs 24. júní sl. var lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar yfir fyrirspurnir og tillögur í borgarráði á yfirstandandi kjörtímabili. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins getur beint erindi til skrifstofu borgarstjórnar ef óskað er eftir annarri framsetningu á listanum eða breyttri uppsetningu.

Að því er varðar seinni hluta fyrirspurnarinnar, um að einstaka mál borgarfulltrúa verði birt á ákveðnum stöðum, er vísað til þess að mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð hefur samþykkt útfærslu að Gagnsjá Reykjavíkur. Í tillögunni sem var samþykkt á vettvangi ráðsins árið 2019 kemur fram að Í Gagnsjá verði t.d. á einfaldan hátt hægt að sjá stöðu mála og yfirlit yfir mál hvers kjörins fulltrúa ásamt fylgigögnum og tengingu við skyld mál. Þróun Gagnsjárinnar tengist beint innleiðingu Hlöðunnar þar sem öll gögn sem sem eiga að birtast í Gagnsjá þurfa að koma úr Hlöðunni. Þar til Gagnsjá Reykjavíkur verður tekin í notkun verða tillögur og fyrirspurnir birtar í fundargerðum eins og verið hefur, með öllum fylgigögnum.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar